



# Fornleifaskráning

vegna deiliskipulags við Dyrhólaey í  
Mýrdalshreppi, V-Skaftafellssýslu



Bjarni F. Einarsson. Janúar 2000

Forsíðumyndin sýnir eitt af fiskbirgjum á Lágeynni (Nr 8:2). Ef myndin prentast vel má sjá grjótgarðinn í baksýn, undir sköflunum. Ljósm. B.F.E.

## **F**ORNLEIFAFRÆÐISTOFAN

© Bjarni F. Einarsson  
Unnið fyrir Náttúruvernd ríkisins og Mýrdalshrepp  
Janúar 2000

### ***Inngangur***

Að beiðni Landslags ehf. kannaði Fornleifafræðistofan fornleifar á Dyrhólaey, Mýrdalshreppi, V-Skaftafellssýslu, vegna vinnu að deiliskipulagi eyjarinnar.

Sérstaklega skal tekið fram að svæðið fyrir neðan Dyrhólaey, sandarnir og hlíðarnar, var ekki kannað. Er ástæðan einkum sú að veður var ekki heppilegt til skráningar á þessum stöðum, sterkur vindur og snjóskaflar í hlíðum eyjunnar að vestanverðu.


Fornleifar sem eftir er að skrá, ef finnast, eru m.a. lendingar á skipulagssvæðinu (Kirkjufjara og Dyrhólahöfn), Hildardrangsrétt vestan eða norðan undir Hildardrangi, Bandabóls hellir, neðst í berginu á mótí Hildardrangi, uppspretta sem heytir Lind, neðan við Breiðutorfu á norðanverðri Lágeynni, Brunnur, hellir sem sagður er liggja til Bolabáss og hugsanlegar leifar af naustum á sandinum fyrir neðan Bandaból.

Við Kirkjufjörusamráð segir í örnefnaskrá að sjá megi grjótgarða sem harðfiskur var þurrkaður á. Hugsanlega er hér átt við fornleifar nr. 7 – 8.

Farið var í gegn um helstu heimildir svo sem Sýslulýsingar, Örnefnaskrár, Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns og Friðlýsingarskrá.

Vettvangsvinna fór fram þann 21. síðastliðinn. Hver staður fékk eitt númer. Hvert sveitarfélag hefur eigið númerakerfi frá 1 – n.

Umboðsmaður verkkaupa var Þráinn Hauksson, landslagsarkitekt hjá Landslagi ehf.



Mynd 1. Dyrhólaey. Staðsetning fornleifa. Á milli fornleifa 7 og 8 eru trúlega fleiri fornleifar (vörslugarðar) sem ekki voru skráðir sérstaklega. Eins er mögulegt að fleiri fornleifar kynnu að finnast nálægt fornleifum nr. 1 – 6. Fornleifar nr. 14, Hildardrangur, eru í jaðri kortins. (Úr Dyrhólaey í Mýrdalshreppi. Deiliskipulag 1999).

### Skráningin

Á hinu kannaða svæði eru engar friðlýstar fornleifar.

Skv. þjóðminjalögum frá 1990, með síðari breytingum, eru allar fornleifar friðaðar og sumar friðlýstar. Þeim má enginn, hvorki landeigandi, framkvæmdaaðili né nokkur annar spilla, granda né úr stað færa, nema með leyfi fornleifanefndar (17. gr.). Því eru allar fornleifar á svæðinu, sem eldri eru en 100 ára, friðaðar skv. lögunum.

Friðlýstum fornleifum fylgir 20 m friðhelgt svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra. Um friðaðar fornleifar gilda engin sérstök ávæði hvað þetta varðar. Sú hefð hefur þó komist á að fara ekki of nærri fornleifum og taka tillit til eðli þeirra og þarfa.

Á hinu kannaða svæði fundust samtals 14 staðir með fornleifum. Á þremur stöðum fundust tvær eða fleiri fornleifar, á öðrum aðeins einar. Samtals fundust meir en 21 fornleifar á þessum stöðum.

Af þessum 14 stöðum teljast fjórir hafa hátt minjagildi. Sex staðir hafa talsvert minjagildi og fjórir lítið minjagildi.

| Nr.   | Teg.             | Fj. | Hættumat   | Hætta  | Ástand | Aldur     | Minjagildi | Fríðlýst | Á að merkja? |
|-------|------------------|-----|------------|--------|--------|-----------|------------|----------|--------------|
| 1:1   | Fjárborg         | 1   | Landeyðing | Lítill | Ágætt  | 1550-1900 | Talsvert   | Nei      | Já           |
| 2:1   | Rúst             | 1   | Ekkert     | Engin  | Sæm.   | 1550-1900 | Talsvert   | Nei      | Nei          |
| 3:1   | Rúst             | 1   | Ekkert     | Engin  | Ágætt  | -1550     | Hátt       | Nei      | Já           |
| 4:1   | Rúst             | 1   | Ekkert     | Engin  | Ágætt  | 1550-1900 | Hátt       | Nei      | Já           |
| 5:1   | Garður           | 1   | Ekkert     | Engin  | Ágætt  | 1550-1900 | Lítið      | Nei      | Nei          |
| 6:1   | Gerði            | 1   | Ekkert     | Engin  | Ágætt  | 1550-1900 | Talsvert   | Nei      | Nei          |
| 7:1-3 | Garðar           | 3   | Landeyðing | Mikil  | Lélegt | 1550-1900 | Talsvert   | Nei      | Nei          |
| 8:1-4 | Fiskbirgi/garður | 4   | Landeyðing | Lítill | Sæm.   | 1550-1900 | Hátt       | Nei      | Já           |
| 9:1   | Gata             | 1   | Landeyðing | Mikil  | Sæm.   | 1550-1900 | Talsvert   | Nei      | Nei          |
| 10:1  | Garður           | 1   | Landeyðing | Mikil  | Sæm.   | 1900-     | Lítið      | Nei      | Nei          |
| 11:1  | Fjárhús          | 1   | Ekkert     | Engin  | Ágætt  | 1900-     | Lítið      | Nei      | Nei          |
| 12:1  | Rúst             | 1   | Ekkert     | Engin  | Sæm.   | 1900-     | Lítið      | Nei      | Nei          |
| 13:1  | Bergristur       | 3   | Sjávarföll | Lítill | Ágætt  | -1550     | Hátt       | Nei      | Já           |
| 14:1  | Þjóðtrú          | 1   | Sjávarföll | Lítill | Ágætt  | 1550-1900 | Talsvert   | Nei      | Já           |

Tafla 1 yfir hinar skráðu fornleifar í Dyrhólaey.

Ástæða er til að hugleiða fríðlýsingu á stöðunum með hátt minjagildi. Þeir eru Skessukrossar nr. 13, rústir nr. 3 og 4 og fiskbirgin nr. 8. Við nr. 3 og 4 gætu verið fleiri leifar undir grassverðinum, svo sem af sjóbúðum eða þurrabúðum ásamt vörslugörðum og sólþurrkunarreitum. Sömuleiðis eru svipaðar minjar hugsanlegar í kring um fiskbirgin, allavega sólþurrkunarreitir (sjá einnig texta undir mynd 1).

Í ágætu ástandi eru átta staðir, í sæmilegu fimm og í lélegu ástandi er einn staður.

Í mikilli hættu eru þrír staðir, allir vegna landeyðingar. Í lítilli hættu eru fjórir, allir vegna náttúruaflanna, og sjö staðir eru í engri hættu. Af fornleifum í hæsta minjaflokki eru tvær í engri hættu og tvær í lítilli hættu, báðar vegna náttúruaflanna.

Flestir staðirnir eru taldir vera frá tímabilinu 1550-1900 eða nú talsins. Tveir voru taldir geta verið eldri en 1550 og þrír yngri en 1900 sem þar með eru ekki fornleifar skv. skilgreiningu þjóðminjalaga. Undir sumum rústum gætu leynst eldri minjar svo sem stöðum nr. 2 – 4 og 8.

Ástæða er til að merkja sex staði á almennum kortum, en á sérstökum kortum af eyinni (göngukortum, upplýsingakortum, sögukortum o.s.frv.) væri ástæða til að merkja alla staðina.

### **Fornleifarnar**

Eins og fram kom í kaflanum hér að ofan eru fjórir staðir taldir í hæsta minjaflokki. Þeir tengjast trúlega allir sjósókn frá Dyrhólaey, auk Skessukrossanna, en þær gætu einnig tengst sjósókn á einn eða annan hátt (verndarkrossar?).

Í Sýslu- og sóknarlýsingum og Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns kemur greinilega fram að útræði hefur verið mikið, jafnvel mjög mikið, frá og við Dyrhólaey (Skaftafellssýsla 1997:258 og Jarðabók 1990: 472-482). Slík athafnasemi hlýtur að hafa skilið eftir sig



Mynd 2. Tveir þriggja Skessukrossa í Dyrhólaey. Miðkrossinn er neðst t.v. á myndinni. Krossarnir liggja skáhalt á bergveggnum og fylgja sprungu sem á því er. Sjá má hluta þessarar sprungu neðst á myndinni t.h. Ljósm. B.F.E.



Mynd 3. Rúst nr. 4, fiskbirgi 1. Handan við birgið má grilla í garð, sem liggur frá birginu. Ljósm. B.F.E.

talsverð ummerki um sjóbúðir/þurrabúðir, vörslugarða, sólpurrkunarreiti og götur. Rústir nr. 3, 4, 7, 8, og 9 gætu einmitt verið slíkar minjar. Má telja líklegt að á svæðinu í kring um þessa staði, sérstaklega í kring um nr. 3 og 4, séu fleiri minjar undir grassverðinum þó ekki séu fleiri skráður nú (sbr. kaflann hér á undan og mynd 1). Við aðrar aðstæður og úr lofti mætti greina þær betur. Við vettvangskonun benti ýmislegt til þess að þetta gæti orðið raunin við nánari athugun. Eins gætu fleiri rústir leynst í kring um rústir nr. 1 og 2.

Fiskbirgi af því tagi sem fundust í Dyrhólaey eru mjög algeng á verstöðum á Reykjanesi, Snæfellsnesi og Vestfjörðum. Á Suðurlandi hafa þær mér vitanlega ekki áður fundist.<sup>1</sup>

Skessukrossar eru ekki einu bergristurnar í Mýrdalshreppi. Í honum eru allmargir manngerðir hellar og í nokkrum þeirra eru bergristur svo sem í Selheiði, Eyjahelli við Pétursey, Hundahelli við Dyrhóla eystri, Gamla Fjóshelli við Loftsalí og Molda í Norður Hvammi (Árni Hjartarson o.fl. 1991:273 – 304). Í flestum tilvikum er um ung fangamörk að ræða, en stöku búmörk má t.d. sjá í hellinum í Selheiði. Krossar finnast í fáum þessara hella, en þeir eru í Hundahelli og Molda, báðir latneskrar gerðar eins og Skessukrossarnir. Í Hundahelli er einn kross, 19 x 17 sm. Í Molda eru tveir stakir krossar, annar 17 x 6 sm og hinn 11 x 5 sm. Þar eru einnig nokkrir óskýrir einfaldir krossar. Stærsti Skessukrossinn er ca. 30 x 20 sm og sá minnsti ca. 8 x 5 sm. Skessukrossarnir eru einu krossarnir sem ekki eru í helli. Ekki er alveg loku fyrir það skotið að þeir hafi einhverntíman verið klappaðir í helli, sem nú er eyddur. Bergið býður upp á það.

Almennt má segja um rústirnar að þær sýni athafnir tengdar sjóssókn og fjárbúskap. Örnefni sýna hið sama. Ekki er hægt að segja með vissu hvort einhverjar þeirra tengist eggja- og fulglatekju. Slíkar minjar eru

<sup>1</sup> Þórður Tómasson í Skógum sýndi mér fyrir nokkrum árum tvö fiskbirgi við bæinn Eystri Skóga í Rangárvallasýslu. Hafði bóndi nokkur á bænum byggt þau í byrjun tuttugust aldar. Hann byggði þau til að geyma í hákarl og fyrirmyndina sótti hann sennilega til Grindavíkur, en þar var hann á vertíð.

sennilega vandfundnar og vandgreindar án rannsókna. Slíkra minja er væntanlega helst að vænta á Háeynni, en hún var ekki könnuð sem skyldi.

### **Niðurstaða**

Alls fundust í Dyrhólaey 14 staðir með meir en 21 fornleifum eða rústum. Þær sýna minjar um sjósókn og fjárbúskap. Fornleifaskráningu í Dyrhólaey er ekki lokið að fullu.

Sjá nánar meðfylgjandi fornleifaskrá, nr. 1 – 14.

### **Heimildir**

Árni Hjartarson, Guðmundur J. Guðmundsson og Hallgerður

Gísladóttir. *Manngerðir hellar á Íslandi*. Reykjavík 1991.

*Fornleifaskrá*. Skrá um friðlýstar fornleifar. Fornleifanefnd –

Þjóðminjasafn Íslands. Ágúst Ó. Georgsson tók saman. Reykjavík 1990.

*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. Fylgiskjöl. Þrettánda bindi. Reykjavík 1990.

*Dyrhólaey í Mýrdalshreppi*. Deiliskipulag. Greinargerð með tillögu.

Landslag ehf. Des. 1999.

Dyrhólahverfi. Örnefnaskrá. Örnefnastofnun Íslands.

Skaftafellssýsla. *Sýslu- og sóknalýsingar*. Reykjavík 1997.

*Sýslulýsingar 1744 – 1749*. Sögurit XXVIII. Reykjavík 1957.

*Þjóðminjalög 1989*, nr. 88, 29. maí. Með síðari breytingum.

### **Fylgirit**

Loftljósmynd (eitt eintak) í mælikvarðanum 1:10 000 með staðsetningu einstakra fornleifa í Dyrhólaey.

# Fornleifaskrá

|                           |                |                  |        |          |
|---------------------------|----------------|------------------|--------|----------|
| Sýsla                     | Sveitarfélag   | Núv. sveitarfél. | Hverfi | Aðalnr.  |
| Vestur - Skaftafellssýsla | Mýrdalshreppur | 8508             |        | 1        |
| Landareign                | Mí:Nr          | Heiti            |        | Undirnr. |
| Dyrhólaey                 | -              | -                |        | 1        |

|                     |            |                        |          |        |         |
|---------------------|------------|------------------------|----------|--------|---------|
| Skrásetjari         | Dags.      | GPS Staðsetning        | Viðmiðun | M.y.s. | Skekkja |
| Bjarni F. Einarsson | 21.01.2000 | N 63°24.25 W 019°06.05 |          | -      | <10     |

|              |                    |                 |           |        |                 |              |         |
|--------------|--------------------|-----------------|-----------|--------|-----------------|--------------|---------|
| Tegund minja | Tilgáta/Niðurstaða | Verk            | Fjöldi    |        |                 |              |         |
| Fjárborg     |                    |                 | 1         |        |                 |              |         |
| Hættumat     | Hætta              | Ástand          | Aldur     | Í eyði | Tímab. hættumat | Tímab. hætta | Á kort? |
| Landeyðing   | Lítill             | Ágætt           | 1550-1900 | -      |                 |              | Já      |
| Minjagildi   | Einkunn            | Varðveislugildi | Einkunn 2 |        | Friðlýsa?       | Friðlýst?    | Hvenær  |
| Talsvert     |                    |                 |           |        | Nei             | Nei          | -       |

## Lega og staðhættir

Austast á Lágeynni, við bjargbrún. Á hóli í grasi grónum haga.

## Heimildir og munnmæli


Dyrhólahverfi. Örnefnaskrá. Örnefnastofnun Íslands.

## Lýsing

### Fjárborg.

Hringlaga, 8 m í þvermál.  
Veggir úr grjóti, 2 m breiðir og 0,5 - 1,5 m háir.  
Garðlög eru greinileg að innanverðu.  
Dyr snúa til suðurs.  
Rústin er vel gróin.  
Ca. 8 m SSA af dyrum er ferhyrnd hola, ca. 2 x 6 m stór (ANA - VSV) og 0,3 - 0,5 m djúp. Hún er greinilega manngerð.  
Önnur ógreinilegri hola er trúlega á milli fjárborgarinnar og ofangreindrar holu, aðeins í norður.

## Teikning/ljósmynd



## Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Stafræn. Olympus C-820L

## Athugasemdir

# Fornleifaskrá

|                           |                |                  |          |         |
|---------------------------|----------------|------------------|----------|---------|
| Sýsla                     | Sveitarfélag   | Núv. sveitarfél. | Hverfi   | Aðalnr. |
| Vestur - Skaftafellssýsla | Mýrdalshreppur | 8508             |          | 2       |
| Landareign                | Mí:Nr          | Heiti            | Undirnr. |         |
| Dyrhólaey                 | -              | -                | 1        |         |

|                     |            |                 |          |        |         |
|---------------------|------------|-----------------|----------|--------|---------|
| Skrásetjari         | Dags.      | GPS Staðsetning | Viðmiðun | M.y.s. | Skekkja |
| Bjarni F. Einarsson | 21.01.2000 | -               |          | -      | -       |

|              |                    |                 |           |
|--------------|--------------------|-----------------|-----------|
| Tegund minja | Tilgáta/Niðurstaða | Verk            | Fjöldi    |
| Rúst         |                    |                 | 1         |
| Hættumat     | Hætta              | Ástand          | Aldur     |
| Ekkert       | Engin              | Sæmilegt        | 1550-1900 |
| Í eyði       | Timab. hættumat    | Timab. hætta    | Á kort?   |
| -            |                    |                 | Nei       |
| Minjagildi   | Einkunn            | Varðveislugildi | Einkunn 2 |
| Talsvert     |                    |                 |           |
| Friðlýsa?    | Friðlýst?          | Hvenær          |           |
| Nei          | Nei                | -               |           |

## Lega og staðhættir

18 m SV af bjargbrún og ca. 70 m NV af fjárborg nr. 1. Austan undir hól í grasi grónum haga.

## Heimildir og munnmæli

## Lýsing

### Rúst.


5 x 6 m (N - S).

Veggir úr grjóti og torfi, ca. 1,5 m breiðir og 0,3 - 0,4 m háir.

Engar dyr sjást á rústinni, en hugsanlega hafa þær snúið til suðvesturs.

Rústin er vel gróin.

## Teikning/ljósmynd



## Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Stafræn. Olympus C-820L

## Athugasemdir

# Fornleifaskrá

|                           |                |                  |        |          |
|---------------------------|----------------|------------------|--------|----------|
| Sýsla                     | Sveitarfélag   | Núv. sveitarfél. | Hverfi | Aðalnr.  |
| Vestur - Skaftafellssýsla | Mýrdalshreppur | 8508             |        | 3        |
| Landareign                | Mí:Nr          | Heiti            |        | Undirnr. |
| Dyrhólaey                 | -              | -                |        | 1        |

|                     |            |                        |          |        |         |
|---------------------|------------|------------------------|----------|--------|---------|
| Skrásetjari         | Dags.      | GPS Staðsetning        | Viðmiðun | M.y.s. | Skekkja |
| Bjarni F. Einarsson | 21.01.2000 | N 63°24.20 W 019°06.06 |          | -      | <10     |

|              |         |                 |           |        |                    |              |           |        |
|--------------|---------|-----------------|-----------|--------|--------------------|--------------|-----------|--------|
| Tegund minja |         |                 |           |        | Tilgáta/Niðurstaða |              | Verk      | Fjöldi |
| Rúst         |         |                 |           |        |                    |              |           | 1      |
| Hættumat     | Hætta   | Ástand          | Aldur     | Í eyði | Tímab. hættumat    | Tímab. hætta | Á kort?   |        |
| Ekkert       | Engin   | Ágætt           | -1550     | -      |                    |              | Já        |        |
| Minjagildi   | Einkunn | Varðveislugildi | Einkunn 2 |        |                    | Friðlýsa?    | Friðlýst? | Hvenær |
| Hátt         |         |                 |           |        |                    | Nei          | Nei       | -      |

## Lega og staðhættir

16 m NNV af bjargbrún (A - brún).  
Í grasi grónni brekku í haga.

## Heimildir og munnmæli

### Lýsing

#### Rúst.

7 x 10 m (NNA - SSV).


Veggir úr torfi (og grjóti?), ca. 1,5 - 2 m breiðir og 0,4 - 0,8 m háir.

Tvö hólfi eru á rústinni (A og B). Dyr eru ekki greinanlegar svo að víst sé, en trúlega eru dyr á hólfi B til suðurs.

Rústin er vel gróin mosa og grasi.

Hugsanlega eru fleiri rústir í kring (innan við 20 m frá) og jafnvel garðsbrot.

### Teikning/ljósmynd



### Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Stafræn. Olympus C-820L

### Athugasemdir

# Fornleifaskrá

|                           |                |                  |        |          |
|---------------------------|----------------|------------------|--------|----------|
| Sýsla                     | Sveitarfélag   | Núv. sveitarfél. | Hverfi | Aðalnr.  |
| Vestur - Skaftafellssýsla | Mýrdalshreppur | 8508             |        | 4        |
| Landareign                | Mí:Nr          | Heiti            |        | Undirnr. |
| Dyrhólaey                 | -              | -                |        | 1        |

|                     |            |                        |          |        |         |
|---------------------|------------|------------------------|----------|--------|---------|
| Skrásetjari         | Dags.      | GPS Staðsetning        | Viðmiðun | M.y.s. | Skekkja |
| Bjarni F. Einarsson | 21.01.2000 | N 63°24.17 W 019°06.08 |          | -      | <10     |

|              |                    |                 |           |        |                 |              |         |
|--------------|--------------------|-----------------|-----------|--------|-----------------|--------------|---------|
| Tegund minja | Tilgáta/Niðurstaða | Verk            | Fjöldi    |        |                 |              |         |
| Rúst         |                    |                 | 1         |        |                 |              |         |
| Hættumat     | Hætta              | Ástand          | Aldur     | Í eyði | Tímab. hættumat | Tímab. hætta | Á kort? |
| Ekkert       | Engin              | Ágætt           | 1550-1900 | -      |                 |              | Já      |
| Minjagildi   | Einkunn            | Varðveislugildi | Einkunn 2 |        | Friðlýsa?       | Friðlýst?    | Hvenær  |
| Hátt         |                    |                 |           |        | Nei             | Nei          | -       |

## Lega og staðhættir

Framarlega á nefi (Bresnefi), ca. 10 m frá bjargbrún.  
Í grasi grónum haga.

## Heimildir og munnmæli

### Lýsing

#### Rúst.

7,5 x 11 m (NV - SA).


Veggir úr grjóti og torfi, ca. 1 - 2 m breiðir og 0,2 - 0,6 m háir.

Tvö hólfi eru á rústinni (A og B). Dyr eru trúlega á hólfi B til suðvesturs.

Rústin er vel gróin.

NV frá rústinni virðist vera garður eða gerði með mjög lágum torfveggjum, ca. 20 x 25 m stórt.

### Teikning/ljósmynd



### Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Stafræn. Olympus C-820L

### Athugasemdir

|  |
|--|
|  |
|--|

# Fornleifaskrá

|                           |                |                  |        |          |
|---------------------------|----------------|------------------|--------|----------|
| Sýsla                     | Sveitarfélag   | Núv. sveitarfél. | Hverfi | Aðalnr.  |
| Vestur - Skaftafellssýsla | Mýrdalshreppur | 8508             |        | 5        |
| Landareign                | MÍ:Nr          | Heiti            |        | Undirnr. |
| Dyrhólaey                 | -              | -                |        | 1        |

|                     |            |                        |          |        |         |
|---------------------|------------|------------------------|----------|--------|---------|
| Skrásetjari         | Dags.      | GPS Staðsetning        | Viðmiðun | M.y.s. | Skekkja |
| Bjarni F. Einarsson | 21.01.2000 | N 63°24.16 W 019°06.12 |          | -      | <10     |

|              |                    |                 |           |        |                 |              |         |
|--------------|--------------------|-----------------|-----------|--------|-----------------|--------------|---------|
| Tegund minja | Tilgáta/Niðurstaða | Verk            | Fjöldi    |        |                 |              |         |
| Garður       |                    |                 | 1         |        |                 |              |         |
| Hættumat     | Hætta              | Ástand          | Aldur     | Í eyði | Tímab. hættumat | Tímab. hætta | Á kort? |
| Ekkert       | Engin              | Ágætt           | 1550-1900 | -      |                 |              | Nei     |
| Minjagildi   | Einkunn            | Varðveislugildi | Einkunn 2 |        | Friðlýsa?       | Friðlýst?    | Hvenær  |
| Lítið        |                    |                 |           |        | Nei             | Nei          | -       |

## Lega og staðhættir

Norðan við dálítið skarð, frá bjargbrún yfir litla kvos.  
Ca. 60 m NA af bifreiðastæði/útsýnisstað.  
Í grasi grónum haga.

## Heimildir og munnmæli

### Lýsing

#### Garður.

Ca. 18 m langur (NV - SA).  
Úr grjóti, 0,4 - 0,6 m breiður og 0,1 - 0,3 m hár.  
Garðurinn er slitróttur.

### Teikning/ljósmynd

#### Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Stafræn. Olympus C-820L

### Athugasemdir

|  |
|--|
|  |
|--|

# Fornleifaskrá

|                           |                |                  |        |          |
|---------------------------|----------------|------------------|--------|----------|
| Sýsla                     | Sveitarfélag   | Núv. sveitarfél. | Hverfi | Aðalnr.  |
| Vestur - Skaftafellssýsla | Mýrdalshreppur | 8508             |        | 6        |
| Landareign                | Mí:Nr          | Heiti            |        | Undirnr. |
| Dyrhólaey                 | -              | -                |        | 1        |

|                     |            |                        |          |        |         |
|---------------------|------------|------------------------|----------|--------|---------|
| Skrásetjari         | Dags.      | GPS Staðsetning        | Viðmiðun | M.y.s. | Skekkja |
| Bjarni F. Einarsson | 21.01.2000 | N 63°24.18 W 019°06.19 |          | -      | <10     |

|              |                    |                 |           |        |                 |              |         |
|--------------|--------------------|-----------------|-----------|--------|-----------------|--------------|---------|
| Tegund minja | Tilgáta/Niðurstaða | Verk            | Fjöldi    |        |                 |              |         |
| Gerði        |                    |                 | 1         |        |                 |              |         |
| Hættumat     | Hætta              | Ástand          | Aldur     | Í eyði | Tímab. hættumat | Tímab. hætta | Á kort? |
| Ekkert       | Engin              | Ágætt           | 1550-1900 | -      |                 |              | Nei     |
| Minjagildi   | Einkunn            | Varðveislugildi | Einkunn 2 |        | Friðlýsa?       | Friðlýst?    | Hvenær  |
| Talsvert     |                    |                 |           |        | Nei             | Nei          | -       |

## Lega og staðhættir

Á hól, austan undir hesta punkti hans. Ca. 60 m austur af malarvegi (að bifreiðastæði/útsýnisstað). Í grasi grónum haga.

## Heimildir og munnmæli

## Lýsing

### Gerði.

8 x 10 m (A - V).


Veggir úr grjóti, 0,6 - 1,5 m breiðir og 0,3 - 0,7 m háir.

Dyr snúa til austurs.

Út úr gerðinu austanverðu gengur garður, 3,5 m langur, 0,4 m breiður og 0,2 m hár.

SA við gerðið, áfast, er áberandi fuglastapi.

## Teikning/ljósmynd



## Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Stafræn. Olympus C-820L

## Athugasemdir

# Fornleifaskrá

|                           |                |                  |          |         |
|---------------------------|----------------|------------------|----------|---------|
| Sýsla                     | Sveitarfélag   | Núv. sveitarfél. | Hverfi   | Aðalnr. |
| Vestur - Skaftafellssýsla | Mýrdalshreppur | 8508             |          | 7       |
| Landareign                | MÍ:Nr          | Heiti            | Undirnr. |         |
| Dyrhólaey                 | -              | -                | 1        |         |

|                     |            |                        |          |        |         |
|---------------------|------------|------------------------|----------|--------|---------|
| Skrásetjari         | Dags.      | GPS Staðsetning        | Viðmiðun | M.y.s. | Skekkja |
| Bjarni F. Einarsson | 21.01.2000 | N 63°24.12 W 019°06.31 |          | -      | <10     |

|              |         |                 |           |        |                    |              |           |        |
|--------------|---------|-----------------|-----------|--------|--------------------|--------------|-----------|--------|
| Tegund minja |         |                 |           |        | Tilgáta/Niðurstaða |              | Verk      | Fjöldi |
| Garðar       |         |                 |           |        |                    |              |           | 3      |
| Hættumat     | Hætta   | Ástand          | Aldur     | Í eyði | Tímab. hættumat    | Tímab. hætta | Á kort?   |        |
| Landeyðing   | Mikil   | Lélegt          | 1550-1900 | -      |                    |              | Nei       |        |
| Minjagildi   | Einkunn | Varðveislugildi | Einkunn 2 |        |                    | Friðlýsa?    | Friðlýst? | Hvenær |
| Talsvert     |         |                 |           |        |                    | Nei          | Nei       | -      |

## Lega og staðhættir

Efst á blásnu holti á berghrygg vestur af bifreiðastæði/útsýnisstað. Ca. 60 m NNV af steypum sökklí.

## Heimildir og munnmæli

Dyrhólahverfi. Örnefnaskrá. Örnefnastofnun Íslands. ?

## Lýsing

### Garðar.

#### 1) Garður.

Úr grjóti, ca. 18 m langur (ANA - VSV), 0,2 - 0,4 m breiður og 0,1 - 0,3 m hár.

Garðurinn er slitróttur og mjög ógreinilegur (illa farinn).

23 m N af garði 1 er garður 2.

#### 2) Garður.

Úr grjóti, ca. 25 m langur (ANA - VSV), 0,3 - 0,8 m breiður og 0,1 - 0,4 m hár. Garðurinn er slitróttur og ógreinilegur (illa farinn).

Ca. 3 m N af garði 2 er garður 3.

#### 3) Garður.

Úr grjóti, ca. 10 m langur (ANA - VSV), 0,3 - 1 m breiður og 0,1 - 0,4 m hár. Garðurinn er rofinn á einum stað.

## Teikning/Ljósmynd



## Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Stafræn. Olympus C-820L

## Athugasemdir

Vörslugarðar til að þurrka fisk.

# Fornleifaskrá

|                           |                |                  |        |          |
|---------------------------|----------------|------------------|--------|----------|
| Sýsla                     | Sveitarfélag   | Núv. sveitarfél. | Hverfi | Aðalnr.  |
| Vestur - Skaftafellssýsla | Mýrdalshreppur | 8508             |        | 8        |
| Landareign                | Mí:Nr          | Heiti            |        | Undirnr. |
| Dyrhólaey                 | -              | -                |        | 1        |

|                     |            |                        |          |        |         |
|---------------------|------------|------------------------|----------|--------|---------|
| Skrásetjari         | Dags.      | GPS Staðsetning        | Viðmiðun | M.y.s. | Skekkja |
| Bjarni F. Einarsson | 21.01.2000 | N 63°24.19 W 019°06.33 |          | -      | <10     |

|              |                    |                 |           |        |                 |              |         |
|--------------|--------------------|-----------------|-----------|--------|-----------------|--------------|---------|
| Tegund minja | Tilgáta/Niðurstaða | Verk            | Fjöldi    |        |                 |              |         |
| Fiskbirgi    |                    |                 | 4         |        |                 |              |         |
| Hættumat     | Hætta              | Ástand          | Aldur     | Í eyði | Tímab. hættumat | Tímab. hætta | Á kort? |
| Landeyðing   | Lítill             | Sæmilegt        | 1550-1900 | -      |                 |              | Já      |
| Minjagildi   | Einkunn            | Varðveislugildi | Einkunn 2 |        | Friðlýsa?       | Friðlýst?    | Hvenær  |
| Hátt         |                    |                 |           |        | Nei             | Nei          | -       |

## Lega og staðhættir

Efst á holti á blásnum hrygg. Við austur brún holtsins.

## Heimildir og munnmæli

### Lýsing

#### Fiskbirgi.

##### 1) Birgi.

2,5 x 5 m (NNA - SSV).

Veggir úr grjóti, ca. 0,5 m breiðir og 0,2 - 0,6 m háir.

Tvö hölf eru á birginu (A og B). Engar dyr sjást svo að víst sé.

8 m NV af birgi 1 er birgi 2.

##### 2) Birgi.

Úr grjóti ca. 2 x 3 m (NA - SV). Nánari lögun er ekki greinanleg vegna þess að birgið er hrunið og illa farið.

11 m NNA af birgi 2 er birgi 3.

##### 3) Birgi.

Úr grjóti, svipað að stærð og birgi 1, en afar illa farið. Lítið eftir af rústinni.

Frá birgi 1 liggur garður til NNA, rétt við birgi 3.

##### 4) Garður.

#### Athugasemdir

Fleiri rústir gætu leynst á staðnum. T.d. er lítill kvos ca. 35 m NNA af birgi 1, sem gæti verið leifar af rúst. Þar sem garðurinn langi endar, er kvos eða lægð sem gengur inn í hrygginn. Þar gætu leynst leifar af rústum, en gamall slóði liggur þar um nú.

### Teikning/ljósmynd



### Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Stafræn. Olympus C-820L

# Fornleifaskrá

|                           |                |                  |          |         |
|---------------------------|----------------|------------------|----------|---------|
| Sýsla                     | Sveitarfélag   | Núv. sveitarfél. | Hverfi   | Aðalnr. |
| Vestur - Skaftafellssýsla | Mýrdalshreppur | 8508             |          | 9       |
| Landareign                | Mí:Nr          | Heiti            | Undirnr. |         |
| Dyrhólaey                 | -              | Skollastígur     | 1        |         |

|                     |            |                 |          |        |         |
|---------------------|------------|-----------------|----------|--------|---------|
| Skrásetjari         | Dags.      | GPS Staðsetning | Viðmiðun | M.y.s. | Skekkja |
| Bjarni F. Einarsson | 21.01.2000 | -               |          | -      | -       |

|              |                    |                 |           |           |                 |              |         |
|--------------|--------------------|-----------------|-----------|-----------|-----------------|--------------|---------|
| Tegund minja | Tilgáta/Niðurstaða | Verk            | Fjöldi    |           |                 |              |         |
| Gata         |                    |                 | 1         |           |                 |              |         |
| Hættumat     | Hætta              | Ástand          | Aldur     | Í eyði    | Tímab. hættumat | Tímab. hætta | Á kort? |
| Landeyðing   | Mikil              | Sæmilegt        | 1550-1900 | -         |                 |              | Nei     |
| Minjagildi   | Einkunn            | Varðveislugildi | Einkunn 2 | Friðlýsa? | Friðlýst?       | Hvenær       |         |
| Talsvert     |                    |                 |           | Nei       | Nei             | -            |         |

## Lega og staðhættir

Á vestanverðri Háeynni, í brekku, grasi grónni á kafla.

## Heimildir og munnmæli

Dyrhólahverfi. Örnefnaskrá. Örnefnastofnun Íslands.  
Þráinn Hauksson. Dyrhólaey í Mýrdalshreppi.  
Deiliskipulag. Greinargerð með tillögu. Des. 1999.

## Lýsing

### Gata.

Gatan liggur upp á Dyrhólaey að vestanverðu. Hún er ca. 0,5 m á breidd og allt að 0,3 m djúp. Henni svipar mjög til fjárgötu.

## Teikning/ljósmynd



## Ljósmynd



## Ljósmyndari

Þráinn Hauksson

## Filma nr./teg. myndar

Stafræn

## Athugasemdir

Efri myndin sýnir þar sem Skollastígurinn kemur upp skammt hjá Hildardrangi, kletturinn staki.

# Fornleifaskrá

|                           |                |                  |        |          |
|---------------------------|----------------|------------------|--------|----------|
| Sýsla                     | Sveitarfélag   | Núv. sveitarfél. | Hverfi | Aðalnr.  |
| Vestur - Skaftafellssýsla | Mýrdalshreppur | 8508             |        | 10       |
| Landareign                | Mí:Nr          | Heiti            |        | Undirnr. |
| Dyrhólaey                 | -              | -                |        | 1        |

|                     |            |                        |          |        |         |
|---------------------|------------|------------------------|----------|--------|---------|
| Skrásetjari         | Dags.      | GPS Staðsetning        | Viðmiðun | M.y.s. | Skekkja |
| Bjarni F. Einarsson | 21.01.2000 | N 63°24.26 W 019°07.55 |          | -      | <10     |

|              |                    |                 |           |        |                 |              |         |
|--------------|--------------------|-----------------|-----------|--------|-----------------|--------------|---------|
| Tegund minja | Tilgáta/Niðurstaða | Verk            | Fjöldi    |        |                 |              |         |
| Garður       |                    |                 | 1         |        |                 |              |         |
| Hættumat     | Hætta              | Ástand          | Aldur     | Í eyði | Tímab. hættumat | Tímab. hætta | Á kort? |
| Landeyðing   | Mikil              | Sæmilegt        | 1900-     | -      |                 |              | Nei     |
| Minjagildi   | Einkunn            | Varðveislugildi | Einkunn 2 |        | Fríðlýsa?       | Fríðlýst?    | Hvenær  |
| Lítið        |                    |                 |           |        | Nei             | Nei          | -       |

## Lega og staðhættir

Á vestanverðri Háeynni, yst á bjargbrún, skammt N af Skollastíg. Í blásnu holti.

## Heimildir og munnmæli

## Lýsing

### Garður.

Ca. 80 m langur, 0,5 - 1 m breiður og 0,3 - 0,5 m hár.

Garðurinn liggur í boga og fylgir bjargbrúninni. Hann er að falla fram af brúninni.

## Teikning/ljósmynd

### Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Stafræn. Olympus C-820L

## Athugasemdir

# Fornleifaskrá

|                           |                |                  |        |          |
|---------------------------|----------------|------------------|--------|----------|
| Sýsla                     | Sveitarfélag   | Núv. sveitarfél. | Hverfi | Aðalnr.  |
| Vestur - Skaftafellssýsla | Mýrdalshreppur | 8508             |        | 11       |
| Landareign                | Mí:Nr          | Heiti            |        | Undirnr. |
| Dyrhólaey                 | -              | -                |        | 1        |

|                     |            |                        |          |        |         |
|---------------------|------------|------------------------|----------|--------|---------|
| Skrásetjari         | Dags.      | GPS Staðsetning        | Viðmiðun | M.y.s. | Skekkja |
| Bjarni F. Einarsson | 21.01.2000 | N 63°24.25 W 019°07.42 |          | -      | <10     |

|              |                    |                 |           |           |                 |              |         |
|--------------|--------------------|-----------------|-----------|-----------|-----------------|--------------|---------|
| Tegund minja | Tilgáta/Niðurstaða | Verk            | Fjöldi    |           |                 |              |         |
| Fjárhús      |                    |                 | 1         |           |                 |              |         |
| Hættumat     | Hætta              | Ástand          | Aldur     | Í eyði    | Timab. hættumat | Timab. hætta | Á kort? |
| Ekkert       | Engin              | Ágætt           | 1900-     | -         |                 |              | Nei     |
| Minjagildi   | Einkunn            | Varðveislugildi | Einkunn 2 | Friðlýsa? | Friðlýst?       | Hvenær       |         |
| Lítið        |                    |                 |           | Nei       | Nei             | -            |         |

## Lega og staðhættir

SA undir hrygg í grasi grónni kvos eða dalverpi vestarlega á Háeynni.

## Heimildir og munnmæli

Dyrhólahverfi. Örnefnaskrá. Örnefnastofnun Íslands.

## Lýsing

### Fjárhús.

5 x 9 m (A - V).

Veggir úr grjóti og torfi, 1 - 1,5 m breiðir og 0,4 - 1,7 m háir.

Garðlög eru greinileg að innanverðu.

Gólf er niðurgrafið í vestur enda, en þar hefur sennilega hlaðan verið.

Frá hlöðunni í átt að A - gafl er grjótgarður (jata), ca. 0,7 m breiður og 0,3 m hár.

Dyr eru á fjárhúsinu á austanverðum langvegg og snúa til suðurs.


A - gafl er hlaðinn í burst, en V - gafl ekki.

Hrunið er á kafla úr N - langvegg.

Brot úr bárujárnsplötu liggur við A - gaflinn utanverðan.

Í Örnefnaskrá segir að dalurinn eða dalverpið heyti Skipadalur og þar hafi Dyrhólingar smíðað skip sín, enda sé þar skjól í öllum áttum.

## Teikning/ljósmynd



## Ljósmynd



Ljósmyndari

Þrinn Hauksson

Filma nr./teg. myndar

Stafræn

## Athugasemdir

Húsið mun hafa verið byggt um 1935 og fallið um 1970. Myndin er tekin í myrkri og lýst í tölvu.

# Fornleifaskrá

|                           |                |                  |        |          |
|---------------------------|----------------|------------------|--------|----------|
| Sýsla                     | Sveitarfélag   | Núv. sveitarfél. | Hverfi | Aðalnr.  |
| Vestur - Skaftafellssýsla | Mýrdalshreppur | 8508             |        | 12       |
| Landareign                | Mí:Nr          | Heiti            |        | Undirnr. |
| Dyrhólaey                 | -              | -                |        | 1        |

|                     |            |                        |          |        |         |
|---------------------|------------|------------------------|----------|--------|---------|
| Skrásetjari         | Dags.      | GPS Staðsetning        | Viðmiðun | M.y.s. | Skekkja |
| Bjarni F. Einarsson | 21.01.2000 | N 63°24.23 W 019°07.40 |          | -      | <10     |

|              |                    |                 |           |           |                 |              |         |
|--------------|--------------------|-----------------|-----------|-----------|-----------------|--------------|---------|
| Tegund minja | Tilgáta/Niðurstaða | Verk            | Fjöldi    |           |                 |              |         |
| Rúst         |                    |                 | 1         |           |                 |              |         |
| Hættumat     | Hætta              | Ástand          | Aldur     | Í eyði    | Timab. hættumat | Timab. hætta | Á kort? |
| Ekkert       | Engin              | Sæmilegt        | 1900-     | -         |                 |              | Nei     |
| Minjagildi   | Einkunn            | Varðveislugildi | Einkunn 2 | Friðlýsa? | Friðlýst?       | Hvenær       |         |
| Lítið        |                    |                 |           | Nei       | Nei             | -            |         |

## Lega og staðhættir

Í grasi grónni kvos á Háeynni, skammt suður af fjárhúsi, rúst nr. 11.

## Heimildir og munnmæli

### Lýsing

#### Rúst.

4 x 8 m (A - V).


Veggir úr torfi, ca. 1 m breiðir og 0,3 - 0,6 m háir.

Tvö hólfi eru á rústinni (A og B). Dyr eru ekki greinanlegar.


Rústin er vel gróin og all ógreinileg.

Umhverfis rústina er niðurgröftur.

### Teikning/ljósmynd



### Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Stafræn. Olympus C-820L

### Athugasemdir

Rústin gæti verið leifar af mannvirki sem tengist mótekju eða torfskurði? Hún virðist ekki hafa verið burðugt hús. Myndin er tekin í myrkri og lýst í tölvu.

# Fornleifaskrá

|                           |                |                  |        |          |
|---------------------------|----------------|------------------|--------|----------|
| Sýsla                     | Sveitarfélag   | Nív. sveitarfél. | Hverfi | Aðalnr.  |
| Vestur - Skaftafellssýsla | Mýrdalshreppur | 8508             |        | 13       |
| Landareign                | MÍ:Nr          | Heiti            |        | Undirnr. |
| Dyrhólaey                 | -              | Skessukrossar    |        | 1        |

|                     |            |                        |          |        |         |
|---------------------|------------|------------------------|----------|--------|---------|
| Skrásetjari         | Dags.      | GPS Staðsetning        | Viðmiðun | M.y.s. | Skekkja |
| Bjarni F. Einarsson | 21.01.2000 | N 63°24.34 W 019°07.41 |          | -      | <10     |

|              |                    |                 |           |        |                 |              |         |
|--------------|--------------------|-----------------|-----------|--------|-----------------|--------------|---------|
| Tegund minja | Tilgáta/Niðurstaða | Verk            | Fjöldi    |        |                 |              |         |
| Bergristur   |                    |                 | 3         |        |                 |              |         |
| Hættumat     | Hætta              | Ástand          | Aldur     | Í eyði | Tímab. hættumat | Tímab. hætta | Á kort? |
| Sjávarföll   | Lítill             | Ágætt           | -1550     | -      |                 |              | Já      |
| Minjagildi   | Einkunn            | Varðveislugildi | Einkunn 2 |        | Friðlýsa?       | Friðlýst?    | Hvenær  |
| Hátt         |                    |                 |           |        | Já              | Nei          | -       |

## Lega og staðhættir

Ca. 10 m SSV af strönd lóns norðan við Dyrhólaey (Lágeynni). Á slettum og lóðréttum hamri úr sandsteini, ca. 2 m fyrir ofan jafnsléttu.

## Heimildir og munnmæli

Dyrhólahverfi. Örnefnaskrá. Örnefnastofnun Íslands.

## Lýsing

### Bergristur.

#### Þríkrossar.

Krossarnir liggja í línu sem hallar dálítið. Stærsti krossinn er vestast og minnka þeir til austurs. Sá stærsti er ca. 0,2 - 0,3 m, en sá minnsti er ca. 0,05 x 0,08 m.

Krossarnir eru greinilegir.

Vestan við þá er vísir að skúta, sem er afar grunnur.

Sagt er að skessa nokkur hafi markað krossana í bergið með nöglinni. Einnig er sagt að ef vatnið í Dyrhólaós næði upp í efsta krossinn ætti Dyrhólahverfið að vera í hættu og jafnvel eyðast.

## Teikning/ljósmynd



## Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Stafræn. Olympus C-820L

## Athugasemdir

Efri myndin sýnir stærsta krossinn.

# Fornleifaskrá

|                           |                |                  |          |         |
|---------------------------|----------------|------------------|----------|---------|
| Sýsla                     | Sveitarfélag   | Núv. sveitarfél. | Hverfi   | Aðalnr. |
| Vestur - Skaftafellssýsla | Mýrdalshreppur | 8508             |          | 14      |
| Landareign                | Mí:Nr          | Heiti            | Undirnr. |         |
| Dyrhólaey                 | -              | Hildardrangur    | 1        |         |

|                     |            |                 |          |        |         |
|---------------------|------------|-----------------|----------|--------|---------|
| Skrásetjari         | Dags.      | GPS Staðsetning | Viðmiðun | M.y.s. | Skekkja |
| Bjarni F. Einarsson | 21.01.2000 | -               |          | -      | -       |

|                        |                    |                 |           |           |                 |              |         |
|------------------------|--------------------|-----------------|-----------|-----------|-----------------|--------------|---------|
| Tegund minja           | Tilgáta/Niðurstaða | Verk            | Fjöldi    |           |                 |              |         |
| Staður tengdur þjóðtrú |                    |                 | 1         |           |                 |              |         |
| Hættumat               | Hætta              | Ástand          | Aldur     | Í eyði    | Timab. hættumat | Timab. hætta | Á kort? |
| Brim                   | Lítill             | Ágætt           | 1550-1900 | -         |                 |              | Já      |
| Minjagildi             | Einkunn            | Varðveislugildi | Einkunn 2 | Friðlýsa? | Friðlýst?       | Hvenær       |         |
| Talsvert               |                    |                 |           | Nei       | Nei             | -            |         |

## Lega og staðhættir

Skammt frá Dyrhólaeynni á sandinum þar beint niður af Skollastíg.

## Heimildir og munnmæli

Dyrhólahverfi. Örnefnaskrá. Örnefnastofnun Íslands.

## Lýsing

### Staður tengdur þjóðtrú.

Drangurinn er afar greinilegur og mikill þar sem hann stendur eins og bergnumið tröll hjá Dyrhólaeynni.

Sagt er að fjársjóður mikill sé falinn uppi á Hildardrang. Sé þess freystað að ná honum mun allt Dyrhólahverfið brenna.

## Teikning/ljósmynd



## Ljósmynd



Ljósmyndari

Þráinn Hauksson

Filma nr./teg. myndar

Stafræn

## Athugasemdir

|  |
|--|
|  |
|--|